

Skólaskrifstofa

Skólaskrifstofa Grindavíkurbæjar er til húsa á Vikurbraut 62 (neðri hæð). Þar er sálfræðingur, ráðgjafþroskaþjálfari, sérkennslufulltrúi og talmeinafræðingur með aðstöðu. Skólamálfulltrúi er yfirmaður skrifstofunar. Skrifstofan á að vera leik- og grunnskólum Grindavíkurbæjar til ráðgjafar um mál er tengist skólástigunum. Meginmarkmiðið er að hvert barn getir notið leikskólavistunar/grunnskólagöngu sinnar á sem bestan hátt.

Heilsugæslan

Hjúkrunarfræðingar við Heilsugæsluna koma á leikskólann og taka þroskaþróf. Þegar barnið er 3,5 ára kemur hjúkrunarfræðingur og hittir barn og foreldri. Einnig þegar barn er 5 ára er komið til að gera þroskaþróf og læknisskoðun fer fram á Heilsugæslunni.

Mjög góð reynsla er af því að gera þessi þróf í leikskólaumhverfinu þar sem börnin eru örugg.

Breytt heimilisfang

Vinsamlegast látið vita um breytt símanúmer, heimilisfang og netfang.

Foreldrahandbókin



Mikill er sá maður sem ekki glatar barnshjarta sínu.

Mensius.

Leikskólinn Laut sími 4268396

Netfang gleik@grindavik.is (leikskólastjóri)

Netfang leikdal@grindavik.is (kennarar)

Ágæta leikskólabarn og fjölskylda.

Við viljum bjóða ykkur velkomin í leikskólann Laut.

Það er okkur mikil ánægja að bjóða ykkur í okkar hóp.

Þessari handbók er ætlað að vera leiðarvísir ykkar í upphafi leikskólagöngu.

En í upphafi er að mörgu að hyggja varðandi leikskólann og starfið þar.

Í handbókinni má finna hagnýtar upplýsingar er varða skólastarfið þess vegna er mælt með að foreldrar/forráðamenn kynni sér efni hennar. Hlökkum til að eiga samstarf við ykkur foreldrar/forráðamenn.

Kennarar og börn á Laut.

Mars-Apríl Myndlistasýning/uppboð hjá foreldrafélagi I

Mai Myndataka annað hvert ár. Útskriftarferð elstu barnanna sem eru að kveðja skólann. Útskrift, foreldrum/forráðamönnum er boðið í kveðjuhóf. Vorgleði í boði foreldrafélagsins. Sveita- eða leikshúsferð til skiptis annað hvert ár.

Júní Sumarstarf hefst þá er lögð áhersla á útiveru og vettvangsferðir.

Júlí Sumarfrí.

Ágúst Aðlögun nýrra barna.

September Vetrastarfið hefst. Foreldrafundurfundir, kynning á starfi vetrarins.

Nóvember Dagur íslenskrar tungu sem er 16.nóvember. Foreldrum/forráðamönnum er boðið að koma og hlusta á börnin syngja og fara með þulur í tilefni dagsins. Jólaföndur í boði foreldrafélagsins.

Desember Leikrit á leikskólanum sem minnir á boðskap jólanna. Bökunardagar hjá börnunum. Jólakaffi fyrir foreldra/forráðamenn. Litlu jólin, samvera á sal, jólasveinninn kemur í heimsókn.

Hópavinna

Hópastarf er tvisvar til fjórum sinnum í viku, eina klukkuatund í senn. Börnum er skipt í hópa eftir aldri. Hver hópur hefur sinn fasta hópstjóra sem ber ábyrgð á öllu skipulögðu starfi innan hópsins. Unnið er með eitthvert „þema“ sem ákveðið er fyrirfram.

Markmið með hópstarfinu eru að gera uppeldisstarfið markvissara, einnig gefst betra tækifæri til að sinna hverjum einstaklingi innan hópsins. Þannig er auðveldara að skapa samkennd meðal barnanna í litlum hóp. Þau finna til öryggis við að vita að þau tilheyra sama hópnum og sama kennara.

Hefðir og hátíðir.

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hefðir og hátíðir sem börnin kynnast og taka þátt í á heimilum sínum og einnig á ýmsan hátt í leikskólanum. Í leikskólanum Laut höfum við haft í heiðri þessar hátíðir.

Janúar Þorrablót, boðið er upp á þorramat. Þorrablótið er haldið á bóndadegi. Feðrum og öfum er boðið til veislu.

Febrúar **Konudagur** Mæðrum og ömmum boðið til veislu í leikskólann.

Bolludagur, þá er boðið upp á bollur af ýmsu tagi (fiskibollur og rjómaþollur)

Sprennidagur þá eru saltkjöt og baunir í boði.

Öskudagur, þá er náttfataball/grímuball og kötturinn sleginn úr tunnuni.

eikskólans.**Páskar**

Nafn heimastofu_____

Kennarar heimastofu:

Deildarstjóri:_____

Aðrir kennarar:

Leikskólastjóri:_____

gleik@grindavik.is petr Bald@grindavik.is

Aðstoðarleikskólastjóri:_____

albin@grindavik.is

Sími:_____

Matreiðslumaður:_____

Annað starfsfólk í eldhúsi:_____

Formaður foreldra-

félagsins:_____

Starfsfólk leikskóla.

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla. Hann ber ábyrgð á uppeldistarfi og rekstri leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni. Einnig er hann ábyrgur fyrir stjórnun innan deildarinnar.

Leikskólakennarar og aðrir kennarar vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Matreiðslumaður er yfirmaður eldhúsins. Hann ber ábyrgð á matartilbúningi og öllum innkaupum til eldhúsins. Matreiðslumaður hefur aðstoðarmann í eldhúsi.

Aðstoðarmaður í eldhúsi sér um aðstoð við matartilbúning. Hann sér um þvotta og þrif í samráði við yfirmann.

Ræstitæknar sjá um þrif daglega.

- Á heimasíðu skólans er hægt að fylgjast með hvað barnið er vinna í leikskólanum.
- Vorgleði þar sem börn og foreldrar/foráðamenn hittast og eiga góða stund saman á leikskólanum

Sérfræðipjónusta.

Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðing, sálfræðing og þroskaþjálfara.

Talmeinafræðingur kemur á leikskólann á hálfsmánaðar-fresti. Sálfræðingur er okkur einnig innann handar.

Þroskaþjálfari er kennurum leikskólans til stuðnings varðandi einstaklingsnámskrár og vinnu við þær.

Sérkennsla

Í starfi umsjónarmanns sérkennsla felst:

- Fagleg umsjón með sérkennslu í samráði við kennara
- Ber ábyrgð á að börn sem njóta sérkennslu í leikskólanum fái nám sem hæfi þroska hvers barns
- Veitir foreldrum stuðning, fræðslu og ráðgjöf
- Er í samvinnu við talmeinafræðing er varðar eftirfylgni með því að unnið sé samkvæmt ráðleggingum hans með hverju barni sem á við tal eða málörðugleika að stríða
- Heldur utan um þau börn sem koma undir meðallagi út í Hljóm á haustönn og vinnur náið með kennurum þeirra barna að markvissri örvun og eftirfylgni að málverkefnum
- Heldur utan um þau börn sem eru tvítyngd og að þau fái íslenskukennslu við hæfi innan leikskólans

Foreldrasamstarf.

Foreldrar/forráðmenn bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning við uppeldi þeirra. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Laut leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra / forráðamenn. Þeir geta alltaf leitað til kennara leikskólans með öll þau mál og spurningar sem upp kunna að koma varðandi barnið og starfsemi leikskólans. Foreldrar/forráðamenn þekkja barnið sitt best en kennarar skólans kynnast því í starfi og leik, þekkja færni þess, þroska og viðbrögð í barnahópi.

- Við leikskólann er starfrækt foreldrafélag. Þar eru allir foreldrar félagar og greiða gjald mánaðarlega sem innheimt er með leikskólagjöldum merkt tilbreytingarsjóður. Foreldrafélagið hefur verið leikskólanum mikill stuðningur. Félagið hefur m.a gefið ýmis tæki/hluti sem hafa komið sér ákaflega vel fyrir leikskólann.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin.
- Almennir foreldrafundir eru haldnir á haustin.
- Foreldraviðtöl fara fram í mars.
- Foreldrakaffi er á degi íslenskrar tungu.
- Foreldrum/forráðamönnum er boðið í kaffi í desember.
- Jólafondur er á vegum foreldrafélagsins.
- Leiksýning í boði foreldrafélagsins í desember.

Foreldrar/forráðamenn athugið.

Kennarar leikskólans eru bundnir þagnarskyldu og þær upplýsingar sem kennari fær um barnið eru trúnaðarmál. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans skrifa undir þagnarheit þegar þeir hefja störf við skólann. Þagnarskylda helst þó kennari láti af starfi.

Aðlögun.

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á leikskólagöngu barnsins.

Meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist kennurum heimastofunnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að samvinnu á milli heimilis og leikskóla.

Áhersla er lögð á að barnið tengist einum kennara (verðandi hópstjóra barnsins) við upphaf leikskólagöngu og ber hann ábyrgð á aðlögunarferlinu.

Aðlögun tekur minnst eina viku, mikilvægt er að foreldri/ forráðamaður dvelji með barninu fyrstu dagana

Saga leikskólans.

Leikskólinn Laut hóf starfsemi árið 1977. Framan af starfaði hann sem tveggja deilda leikskóli. Árið 1992 var byggt við skólann og starfaði hann um níu ára skeið sem þriggja deilda skóli. Vistunartími var 4 til 4,5 tímar en 1992 var boðið upp á sveigjanleika úr 4 tímum í 6,5 tíma.

Frá árinu 2001 hefur Laut verið tveggja deilda leikskóli með opnunartíma frá 7:45-17:15 og býður upp á sveigjanlegan vistunartíma frá 4-9,5 tímum fyrir börn á aldrinum átján mánaða til sex ára aldurs. Deildarnar eru aldursskiptar og starfa þannig að tvær deildar eru fyrir 18. mánaða til 3. ára aldurs og tvær deildar eru frá 3. ára til 6. ára aldurs.

Þann 20. maí 2006 var nýtt húsnæði tekið í notkun fyrir starfsemi Lautar. Það eru 650 fermetra húsnæði að stærð og því eru 4 heimastofur, listaskáli, íþróttasalur og vinnuaðstaða fyrir kennara. Heimastofur heita Hlíð, Hagi, Eyri og Múli, íþróttasalurinn heitir Akur, listaskálinn Skáli og miðrymið er Rásin, vinnu og kaffiaðstaða kennara heitir Lukka. Breytingin á húsnæðinu var til mikilla hagsbóta fyrir börn, kennara og foreldra. Dagskiplag skólans breytist tölvvert í kjölfarið á flutningi í nýtt húsnæði og skiptingu barna eftir aldri á heimastofur.

Innra starf Lautar.

Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr 74 frá 1994. Ramminn utan um allt uppeldisstarfið er Aðalnámskrá Leikskóla sem gefin var út 1999 af menntamálaráðuneytinu. Hver leikskóli útbýr síðan skólanámskrá sem byggir þeirri sérstöðu sem leikskólinn vill hafa. Hægt er að sjá skólanámskrá Lautar á heimasíðu skólans <http://leikdal.simnet.is/> undir upplýsingar.

Leikskólauppeldi er sérstakt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Vistunargjöld

Foreldrar/forráðamenn greiða gjald fyrir leikskólavistun barna sinna. Gjaldið er innheimt með gíróseðli og er mánuðrinn greiddur fyrirfram. Dagist að greiða gjaldið og engin ástæða gefin má viðkomandi eiga á hættu að missa plássíð. Foreldrar/forráðmenn greiða tímagjald fyrir hvern tím sem börnin dvelja. Einnig er greitt fyrri morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Þurfi foreldrar að nýta sér þá þjónustu að koma með barnið fyrir heila tímann þurfa þeir að kaupa þann tíma sérstaklega og láta leikskólastjóra vita af því. Foreldrar /forráðamenn greiða 200 kr. í tilbreytingasjóð sem foreldrafélagið sér um og er nýttur til að borga skemmtanir, ferðir og fleira fyrir börnin. Frá og með 1. janúar 2008 er gjaldfrjáls leikskóli 4. klukkustundir fyrir elsta árgangin í skólanum. Einungis er um sjálft vistunargjaldið að ræða, foreldrar /forráðamenn greiða eftir sem áður fyrir matinn.

Hvöld

Börn sem þurfa svefn fara í hvöld. Börn geta farið í hvöld út í vagn eða inn í hvíldarstofu. Sögustund er fyrri börn sem ekki fara í svefn.

Þemavinna

Þemavinna flest í því að unnið er að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma. Yfirleitt er eitt til tvö þemu valin yfir leikskólaárið. Börnin læra að nota öll skilngarvit og mismunandi vinnuáferðir við að nálgast viðfangsefnið.

Íþróttir /útivera

Boðið er upp á markvissa hreyfstundir í sal skólans. Útivera er daglega á leikskólanum Göngferðir og hreyfing í formi leikja eru mikilvægir þættir í leikskólauppeldi.

Óskilamunir.

Mikið safnast fyrir af óskilamunum og viljum við biðja foreldra/forráðamenn að líta í óskilakassa sem eru inni í fataherbergjum.

Leikföng að heiman.

Ekki er ætlast til að börnin komi með leikföng að heiman. Í lagi er að koma með bækur eða geisladiska í samráði við deildarstjóra.

Matseðill

Matseðill mánaðarins eru upp á vegg í fataherbergi sem og á heimsíðu skólans.

Stefna leikskólans er að á matseðlinum sé:

1. Fiskur tvisvar í viku.
2. Unnar kjötvörur eru eingöngu í boði í undantekningartilfelli t.d. grillveislum
3. Ávextir og grænmeti séu í boði daglega
4. Sykraðir drykkir ekki í boði heldur vatn og léttmjólk
5. Gróft brauð og kornmeti daglega
6. Sætabrauð ekki nema einu sinn í mánuði
7. Sælgæti er á bannlista

Afmæli.

Þegar barn á afmæli fær barnið að bjóða upp á ávaxtabakka/ís..Kveikt er á afmæliskertum. Afmælisbarnið fær afmæliskort og íslenska fánanum er flaggað í tilefni dagsins. Af gefnu tilefni bendir leikskólinn á að ekki er æskilegt að dreifa boðsmiðum í afmæli barna

Leiðarljós Lautar í allri vinnu eru gleði, hlýja og virðing.

Gleði stendur fyrir að á leikskóla á að vera gaman.

Hlýja stendur fyrir að umgangast ber börn af hlýju og ástúð,og hafa ber í huga að hvert barn er einstakt.

Virðing stendur fyrir þá grundvallarskoðun að börn eru líka fólk og bera á virðingu fyrir bernsku þeirra og skoðunum.

Námssviðin og barnið sjálft.

Í leikskólastarfinu er barnið sjálft í brennidepli og starfshættir allir taka mið af þroska og þörfum hvers barns.

Umönnun og daglegar venjur í leikskólanum eru sá kjarni sem mestu máli skiptir fyrir vellíðan barns í leikskólanum. Ábyrg umönnun er fölgin í því að annast barnið líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með því að annast barnið á þann hátt skapast náin tilfinningatengsl og trúnaðartraust á milli barns og fullorðinna. Með daglegum venjum er átt við fasta liði í dagskipulaginu s.s máltíðir, hreinlæti, hvíld og að klæða sig í og úr. Börnin eru virkir þátttakendur í allri vinnu og lögð er áhersla á sjálfstæði þeirra. Daglegar venjur gefa uppeldisstarfinu reglubundið form sem skapar öryggi og festu í lífi barnanna í leikskólanum.

Á Laut er svokallað flæði einu sinni á dag og þá f.h. Þar eru eldri börnin í frjálsum leik og hafa val um að leika inn á heimstofunum Hlið, Haga og einnig í Rásinni þar sem ákveðin verkefnavinna er í boði.

Leikurinn er kjarninn í öllu uppeldisstarfi leikskólans. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leik.

Mál og málörvun.

Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum allt uppeldisstarfið. Lögð er áhersla á að barnið fái að tjá sig og hlusta á gott mál.

Unnið er með markvissa málörvun með börnunum frá 18. mánaða aldri.

Ritmálsörvun.

Með aldrinum vaknar áhugi barna á lestri og skrift. Með því að merkja á sýnilegan hátt allt í umhverfi barnsins í leikskólanum er markvisst verið að örva börn til áhuga á lestri og ritun. Rannsóknir á lestrarnámi barna sýna að börn átta sig smá saman á því að ritmálið hefur eitthvað að segja þeim

Hreyfing.

Hreyfing eru mikilvægur þáttur í uppeldi barna. Á Laut er dans í boði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann. Íþróttatímar eru undir stjórn fagstjóra hreyfisals og fara öll börn leikskólans í aldursskiptum hópum einu sinn í viku inn á Akur. Einnig eru vettvangsferðir um bæinn okkar einu sinni í viku að jafnaði með hvern hóp allt árið

Tónlist.

Fagstjóri tónlistar kemur inn á heimstofurnar og sér um tónlistarstundir. Börnunum er skipt í hópa og fer hver hópur einu sinn í viku í tónlistarstund. Sameiginleg söngstund er einu sinn í mánuði en þá kemur allur leikskólinn saman á Akri.

Það sem þarf að vera í leikskólatöskunni:

- Föt til skiptanna
- Nærbuxur
- Bolur
- Sokkar
- Sökkabuxur
- Síðbuxur
- Peysa
- Pollagalli
- Stígvél
- Kuldagalli þegar það á við
- Ullarsokkar
- Vettlingar
- Húfa

Fatahólfín á að tæma á föstudögum til þess að hægt sé að þrifa þau vel.

Opnunartími.

Leikskólinn Laut opnar kl.07:45 og er opinn til kl. 17:15.

Morgunmat er á boðstólum frá kl. 8:15 til 9:30.

Hádegismatur er kl. 11:40—12:00 fyrir yngri heimastofurnar Múla og Eyri og eldri heimastofurnar Hagi og Hlíð kl. 12:15-12:45.

Síðdegishressing er frá kl. 15:00 til 15:30.

Heilsa og kveðja.

Sá sem kemur og nær í barnið þarf ávallt að láta kennara vita.

Ef aðrir en foreldri sækja barnið vinsamlegast látið kennara vita.

Myndir af börnunum eru fyrir framan heimastofur í þar til gerðum vösum. Gott væri að foreldrar aðstoðuðu börn sín að snúa við myndunum eftir því sem viðá. Vegna öryggis barnanna er mikilvægt að loka útihurðum þegar gengið eru um.

Vinsamlegast skiljið bíla **ekki** eftir í gangi á bílastæðinu. Af því stafar mengunarhætta.

Klæðnaður og leikskólataskan.

Leikskólinn er vinnustaður barna ykkar og er því best að börnin mæti í þægilegum vinnufötum í leikskólann, því stundum verða óhöpp t.d þegar verið er að vinna með lím, lakk, liti og fleira.

Merkja þarf fót barnanna svo auðveldara sé að koma þeim til skila. Leikskólinn ber ekki ábyrgð á fatnaði barnanna. Foreldrar/ forráðamenn koma með bleiur fyrir börn sín.

Mikilvægt er að börnin séu klædd eftir veðri og hafi þann klæðnað meðferðis sem gera má ráð fyrir að þau þurfi á að halda dag hvern.

Myndsköpun

Lögð er áhersla á frjálsa myndsköpun á Laut Börnin hafa aðgang að fjölbreytilegum efnivið og áhöldum til að vinna með í sköpun. Sérstakur fagstjóri sér um listsköpun inn á Skála- listaskála. Börnum er skipt í hópa eftir aldri og koma öll börn einu sinn í viku í verkefnavinnu í Skála.

Fimm ára börn á Laut -Stjörnuhópur

Börn í elsta árgangi Lautar vinna saman í hóp er nefnist Stjörnuhópur. Þar er meðal annars unnið með bókstafi, stærðfræði og markvissa málörvun. Farið er í kynningu á stöfum og hljóðum þeirra og lestraráttin skoðuð. Inn í þetta starf fléttast hefðbundið leikskólustarf þar sem leiknum er gert hátt undir höfði. Einnig er unnið með Stjörnuhóp í samstarfi við grunnskólann og leikskólann Krók.

Dagskipulag.

Hlíð og Hagi

07:45	Leikskólinn opnar
08:45-09:05	Rólegur leikur/Morgunmatur
09:30-10:15	Hópastarf
10:15-10:30	Ávextir/samvera
10:30-11:40	Flæði /Útivera
12:10-12:45	Hádegisverður
12:45-13:00	Hvíld/sögustund
13:00-14:30	Útivera
14:30-15:45	Nónhressing/leikur
15:45-16:00	Samvera/ávextir
16:00-17:00	Rólegur leikur
17:00-17:15	Leikskólinn lokar

Múli og Eyri

07:45	Leikskólinn opnar
07:45-08:00	Rólegur leikur
08:00-09:30	Morgunmatur/leikur
09:30-09:50	Söngstund /ávextir
09:50-10:50	Útivera
11:00-11:40	Vinnustund/hópastarf
11:45-12:15	Hádegisverður
12:15-14:00	Hvöld/sögustund/útivera
14:00-15:00	Leikur
14:30-15:30	Nónhressing
15:00-16:15	Leikur
16:15-17:00	Samvera /sögustund
17:15	Leikskólinn lokar

Hagnýtar upplýsingar:

Leikskólinn er opinn alla virka daga vikunnar. Ef dagar eru rauðir á dagatali t.d. Sumardagurinn fyrsti eða 1. maí er skólinn lokaður. Meginreglan er að loka leikskólanum 24. virka daga yfir sumarið. Starfsdagar eru þrjú á ári, þeir eru notaðir til að skipuleggja uppeldisstarfið. Kennarar fara á námskeið og kynna sér stefnur og strauma í leikskólalastarfi innanlands sem utan. Á skólalagatali kemur fram hvenær starfsdagar eru á skólaárinu. Leikskólinn er lokaður á starfsdögum. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og á gamlársgang.

Óhöpp eða slys.

Í stórum barnahóp geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra/forráðamenn eða farið með barnið á heilsugæslustöðina. Slys sem verða í leikskólanum eru skráð niður í sérstaka bók þannig getum fylgst með á hvaða svæðum úrbóta er þörf. Vinnuregla er að kennarar láti foreldra/forráðamenn vita ef barn þeirra verður fyrir óhappi.

Veikindi eða fjarvera.

Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna veikindi eða frí barna sinna. Ef grunur leikur á að barn sé að veikjast er gott að halda því heima vegna smithættu og vegna þess áreitis sem óhjákvæmilega fylgir veru í stórum hóp. Barn má vera inni í tvo daga eftir veikindi ef þarf.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn tilkynni leikskólanum ef t.d. um smitsjúkdóma er að ræða. Einnig er mikilvægt að tilkynna strax ef lús eða njálgur stingur sér niður hjá börnunum.

Ef barnið vill ekki koma í leikskólann, látið kennara vita svo hægt sé að bregðast við því. Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfum þannig að lyfin séu gefin heima, en ekki í leikskólanum nema það sé óhjákvæmilegt. Í þeim tilfellum þarf að fá eyðublað hjá leikskólalastjóra sem læknir þarf að skrifa upp á/ fylla út.